

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 85/97  
frá 12. nóvember 1997**

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/96 frá 28. október 1996<sup>(1)</sup>.

Reglugerð ráðsins (EB) 3094/95 frá 22. desember 1995 um aðstoð til skipasmíða<sup>(2)</sup>, eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1904/96<sup>(3)</sup>, um upptöku skuldbindinga bandalagsins samkvæmt OECD-samningnum um að virða eðlileg samkeppnis skilyrði í skipasmíðaiðnaðinum og skipaviðgerðum, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 1b (tilskipun ráðsins 90/684/EBE) í XV. viðauka við samninginn:

---

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 28 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 332, 30. 12. 1995, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 251, 3. 10. 1996, bls. 5.

„1c. **395 R 3094**: Reglugerð ráðsins (EB) 3094/95 frá 22. desember 1995 um aðstoð til skipasmíða (Stjtið. EB nr. L 332, 30. 12. 1995, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **396 R 1904**: Reglugerð ráðsins (EB) 1904/96 frá 27. september 1996 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/95 um aðstoð til skipasmíða (Stjtið. EB nr. L 251, 3. 10. 1996, bls. 5).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) „92. gr. sáttmálans“ lesist „61. gr. EES-samningsins“;
- b) „93. gr. sáttmálans“ lesist „62. gr. EES-samningsins“;
- c) Í 1. og 2. mgr. 7. gr. lesist klausan „samrýmanlegt hinum sameiginlega markaði“ sem „samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins“;
- d) Í 1. mgr. 7. gr. gildir 2. málslíður ekki;
- e) Í 2. mgr. 7. gr. gildir 2. málslíður ekki;
- f) Ákvæði 3. mgr. 7. gr. gilda ekki.“

#### 2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3094/95 frá 22. desember 1995 um aðstoð til skipasmíða og reglugerðar ráðsins (EB) 1904/96 frá 27. september 1996, um breytingu á henni, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

#### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. nóvember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

E. Bull

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner